

Sp. **709. Nefndarálit** [134. mál]
um till. til þál. um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni þessarar tillögu er að kjósa 5 manna millipinganefnd til að endurskoða lög um eignar- og afnotarétt fasteigna og um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi og að störfum nefndarinnar verði hraðað svo, að tillögur hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.

Minni hl. lítur svo á, að hér sé, eins og á stendur, um aðkallandi mál að ræða, og leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson, Geir Gunnarsson.
frsm.